



ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS **2006**



ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2006

## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Stjórn	4
Starfsmenn	5
Iðgjöld	6
Lífeyrir	8
Tekjuathugun örorkulífeyrisþega	9
Lög um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða	9
Lán til sjóðfélaga	10
Fjárfestingarstefna	11
Fjárfestingar	12
Verðbréfaeign	12
Ávöxtun	13
Fjárfestingar erlendis	16
Gjaldmiðlastýring	18
Hluthafastefna	19
Séreignardeild	20
Tryggingafræðileg úttekt	22
Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi tvö ár í röð	23
Ársreikningur	25
Financial Statements	45



## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Nú er öðru starfsári Gildis-lífeyrissjóðs lokið, en sjóðurinn varð til við samruna Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Óhætt er að fullyrða að sameiningin hafi tekist vel og sjóðfélagarnir eiga að geta vænst aukinna réttinda á komandi árum, þ.e. réttinda umfram þær breytingar sem hljóta af breytingum á framfærsluvísitölunni.

Síðasti ársfundur samþykkti hækkun á réttindum sjóðfélaga og lífeyrisþega um 7% frá upphafi árs 2006 og fyrir ársfundi 2007 liggur tillaga stjórnar sjóðsins um 10% hækkun áunninna réttinda sjóðfélaga og lífeyrisþega frá upphafi árs 2007. Verði hún samþykkt munu réttindi sjóðfélaga í Gildi því hækka umfram breytingar á viðmiðunarvísitölu undangengin tvö ár um 17,7%, sem er langt umfram réttindahækkunir annarra lífeyrissjóða yfir nefnt tímabil. Raunávöxtun sjóðsins undanfarin 5 ár nemur að meðaltali 11% sem er hæsta meðaltalsávöxtun héraðs lífeyrissjóðs yfir nefnt tímabil, enda forsenda þeirrar miklu réttindaaukningar sem sjóðfélagar í Gildi eru nú að njóta.

Annað árið í röð útnefndi tímaritið Investment & Pensions Europe Gildi besta lífeyrissjóðinn á Íslandi, m.a. vegna framúrskarandi árangurs við eignastýringu og forystu í breytingum á fyrirkomulagi réttindaávinnslu lífeyrissjóða. Hér er um viðurkenningu að ræða sem kemur frá erlendum fagaðilum, sem stjórn, starfsfólk og sjóðfélagar hljóta að vera afar stolt af.

Eitt brýnasta verkefnið framundan er að leita leiða til þess að draga úr kostnaði vegna örorku með því að hjálpa örorkuþegum aftur til virkrar þátttöku á vinnumarkaði. Því var yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005, sem tryggði gildi kjarasamninga út samningstímamann, afar kærkomin. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram um jöfnun kostnaðar vegna örorku á milli lífeyrissjóðanna:

„Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún er reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.”

Samkvæmt verðlagi dagsins í dag nemur tryggingagjaldsstofninn um 6,7 milljörðum króna. Frá og með árinu 2009 verður framlagið m.v. verðlag dagsins í dag um 1,7 milljarðar og hlutur Gildis rúmar 640 milljónir eða tæplega 40% framlagsins. Til þess að fá tilfinningu fyrir hugsanlegum áhrifum þessa framlags á rekstur sjóðsins þá svarar það til um 23% af ellilífeyri liðins árs og ef við hugsum það sem hreina viðbót við ellilífeyri liðins árs þá nemur hækkunin sömu hlutfallstölu. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvernig tryggingastærðfræðingar koma til með að meta þetta framlag til réttinda og því best að segja minnst þar um á þessari stundu.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins flyt ég starfsmönnum hans, sjóðfélögum og atvinnurekendum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Helgi Laxdal, stjórnarformaður.

## STJÓRN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Í samþykktum sjóðsins er ákvæði til bráðabirgða til þriggja ára (til ársfundar 2007) sem segir til um kosningu fulltrúa stéttarfélaganna. Þetta ákvæði er til að tryggja nauðsynlega festu og traust sjóðfélaga beggja eldri sjóða á sameiningunni.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Á stofnfundi sjóðsins 27. apríl 2005 var helmingur stjórnarmanna kosinn til tveggja ára og helmingur til eins árs og á ársfundi sjóðsins 26. apríl 2006 var helmingur stjórnarmanna kosinn til tveggja ára.

Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2007:

Helgi Laxdal, formaður  
Vilhjálmur Egilsson, varaformaður  
Ari Edwald  
Birgír H. Björgvinsson  
Friðrik J. Arngrímsson  
Sigurður Bessason  
Sveinn Hannesson  
Pórunn Sveinbjörnsdóttir

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á árinu voru haldnir alls 15 stjórnarfundir.



Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs, mynd tekin eftir stjórnarfund 21. mars 2007. Frá vinstri: Sigurður Bessason, Sveinn Hannesson, Vilhjálmur Egilsson, Helgi Laxdal, Pórunn Sveinbjörnsdóttir, Ari Edwald og Friðrik J. Arngrímsson. Á myndina vantar Birgí H. Björgvinsson.

## STARFSMENN



24 starfsmenn starfa hjá sjóðnum í apríl 2007. Á myndinni sem var tekin 21. mars sl. eru:

Standandi frá vinstri:	Starfssvið
Kristín Pétursdóttir	Skráning iðgjalda
Nanna Þórarinsdóttir	Afgreiðsla/móttaka
Auður Eggertsdóttir	Deildarstjóri lífeyrisdeildar
Ingileif Kristinsdóttir	Bóhald/sérverkefni
Ólafur Arason	Forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa
Anna Rúnarsdóttir	Bókhald
Áslaug Jónsdóttir	Skráning iðgjalda
Guðrún K. Sigurðardóttir	Deildarstjóri lánadeildar
Guðrún R. Jónsdóttir	Lífeyrismál
Valdimar Óskarsson	Innheimta iðgjalda
Örn Guðnason	Lífeyrismál
Tryggvi Tryggvason	Forstöðumaður eignastýringar
Friðgerður Friðriksdóttir	Innheimta iðgjalda
Anna Lis Hjaltadóttir	Deildarstjóri iðgjaldadeildar
Guðmundur Bergþórsson	Eignastýring
Árni Guðmundsson	Framkvæmdastjóri
Sitjandi frá vinstri:	
Örn Arnþórsson	Skrifstofustjóri
Kristrún Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir	Skráning iðgjalda
Valgerður Hanna Hreinsdóttir	Lífeyrismál
Bjarney Sigurðardóttir	Deildarstjóri séreignardeildar
Halldór Kristinsson	Eignastýring
Á myndina vantar:	
Brynju Rut Brynjarsdóttur	Aðalbókari
Hjördísi Karlsdóttur	Afgreiðsla/móttaka

## IÐGJÖLD


Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2006 voru að lágmarki 11% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 7%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag eða allt að 15,5%. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Alls greiddu 41.487 sjóðfélagar hjá 4.033 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2006. Heildariðgjöld voru 7.975 milljónir króna. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 159.129.


### Fjölpjóðlegur sjóðfélagahópur

Tæplega 20% þeirra einstaklinga sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2006 voru útlendingar frá 117 löndum. Langflestir voru frá Póllandi eða 3.052 og næstflestir frá Litháen eða 892. Frá Filippseyjum voru 342, 292 frá Lettlandi, 288 frá Portúgal, 253 frá Tælandi, 217 frá Danmörku, 182 frá Þýskalandi, 165 frá Svíþjóð, 151 frá Bretlandi, 139 frá Víetnam og 126 frá Júgóslavíu. Frá öðrum þjóðum voru færri en 100 einstaklingar.

### Iðgjöld ársins 2006 eftir aldri iðgjaldagreiðenda



### Fjöldi og meðallaun virkra sjóðféлага 2006







## LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur ársins 2006 námu 4.889 milljónum króna og hækkuðu um 18,5% á milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af greiddum iðgjöldum var 63,7% en var 61,3% á árinu 2005. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 2,2%, sama hlutfall og árið 2005.

### Fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisþegar á árinu 2006 voru 15.071 og þar af fengu 2.047 greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Skipting á milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

	2006	2005	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	8.409	8.114	+ 3,6%
Örorkulífeyrir	3.740	3.791*	- 1,3%
Makalífeyrir	1.662	1.679	- 1,0%
Barnalífeyrir	1.260	1.360	- 7,3%
<b>Samtals:</b>	<b>15.071</b>	<b>14.944</b>	<b>+ 0,8%</b>


\* Vegna sameiningar Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna á árinu 2005 reiknuðust lífeyrisþegar fleiri þar sem þeir sem nutu lífeyris hjá báðum sjóðunum voru tvítaldir.

### Lífeyrisgreiðslur

	2006	2005	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	2.730.394.833	2.247.750.404	+ 21,5%
Örorkulífeyrir	1.635.578.587	1.425.093.761	+ 14,8%
Makalífeyrir	364.054.590	308.712.793	+ 17,9%
Barnalífeyrir	84.809.796	89.277.124	- 5,0%
<b>Samtals:</b>	<b>4.814.837.806</b>	<b>4.070.834.082</b>	<b>+ 18,3%</b>

Gildi - lífeyrissjóður greiddi einnig lífeyri fyrir hönd Umsjónarnefndar eftirlauna til 253 sjóðfélaga eða maka látinna sjóðfélaga, samtals 25,3 milljónir króna. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild Gildis voru alls 48,8 milljónir króna á árinu 2006.

### Skipting örorkulífeyrisþega sjóðsins eftir stærstu sjúkdómaflokkum



## TEKJUATHUGUN ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Meginregla örorkulífeyristrygginga sjóðsins er að bæta skuli sjóðfélaga tekjutap hans upp að tilteknum mörkum, þó þannig að samanlagðar bætur hans og tekjur verði ekki hærrí en þær tekjur sem hann hafði fyrir missi starfsorku. Til að fylgja þessari reglu þarf árlega að bera saman heildarbætur og atvinnutekjur örorkulífeyrisþegans við tekjurnar sem hann hafði fyrir orkutap og lækka þá bætur ef samanlagðar tekjur hans og bætur á liðnu ári reynast hærrí en þær tekjur sem hann hafði fyrir missi starfsorkunnar. Á ársfundi sjóðsins 2006 var samþykkt að skilgreina nánar í samþykktum sjóðsins hvaða tekjur skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur til öryrkja. Þá var valið að miða við hina almennu verðtryggingarreglu sjóðsins, þ.e. vísitölu neysluverðs, og framreikna „tekjutapið“ til samræmis við breytingar á verðlagi. Við athugun á tekjum örorkulífeyrisþega á árinu 2006 kom fram rökstudd gagnrýni á framangreinda viðmiðun. Í reynd leiddi þessi regla til þess að kaupmáttarauki sem lífeyrisþeginn hafði notið gat leitt til skerðingar á örorkulífeyri sjóðsins jafnvel þótt staða sjóðfélagans hafi í engu breyst.

Stjórn Gildis var sammála um að örorkulífeyri sjóðsins hafi ekki verið ætlað það markmið að svipta lífeyrisþega möguleikanum á að njóta kaupmáttarauka til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Því bæri ekki að lækka örorkulífeyri fyrir en samanlagðar tekjur, bætur og atvinnutekjur, færu umfram þær tekjur sem sjóðfélaginn hafði fyrir orkutapið, umreiknað til verðgildis miðað við almennar launabreytingar samkvæmt launavísitölu. Þess vegna frestaði Gildi að framkvæma endurreikning á réttindum örorkulífeyrisþega til ársins 2007 til þess að umrædd breyting mætti komast að við þá endurskoðun og stjórn sjóðsins ákvað að leggja fyrir ársfund sjóðsins 2007 tillögu til breytinga í þessa veru.

Rétt er að áréttá að þessi breyting hefur engin áhrif á reglur um verðtryggingu lífeyrisgreiðslna sjóðsins. Þær miðast eftir sem áður við breytingar á vísitölu neysluverðs en sjóðfélagar njóta þess í sérstökum hækkunum réttinda ef ávöxtun leyfir hækkanir umfram það.

## LÖG UM JÖFNUN Á ÖRORKUBYRÐI LÍFEYRISJÓÐA

Í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem stjórnvöld lýstu sig reiðubúin til samstarfs við ASÍ og SA um leiðir sem auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls skipaði forsætisráðherra nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða.

Þá lýsti ríkisstjórnin því jafnframt yfir að hún væri reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda í áföngum á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Framangreint var lögfest 9. desember 2006 með breytingu á lögum um tryggingagjald. Samkvæmt þeim lögum mun Gildi fá tæplega 39% af því fjármagni sem greitt verður lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA eða sem nemur um 380 milljónum króna á árinu 2007, um 520 milljónum á árinu 2008 og um 640 milljónum á árinu 2009 þegar löggin eru komin að fullu til framkvæmda.

## LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA

Lítilsháttar samdráttur varð í lánum til sjóðfélaga á árinu 2006 m.v. þá eftirspurn sem hafði verið eftir lánum á árinu 2005. Þessi samdráttur var í samræmi við það sem var að gerast á fasteignamarkaðnum á árinu. Veitt voru alls 381 lán, samtals að fjárhæð 1.442 milljónir króna.

Skipting lána sjóðsins á árinu 2006 var eftirfarandi:

Tegund lána	Fjárhæðir í millj. kr.	Fjöldi
Jafnar afborganir	575	209
Jafnar greiðslur (annuitet)	867	172

Vextir	Fjárhæðir í millj. kr.	Fjöldi
Fastir	1.382	366
Breytilegir	60	15

### Lánareglur í mars 2007

#### Lán með föstum vöxtum

- Lán eru veitt án fjárhæðatakmarkana.
- Fastir vextir 4,85%.
- Lánstími er 5 – 40 ár að vali lántakanda.
- Val um jafnar afborganir eða jafngreiðslulán (annuitet).
- Verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs.
- Tveir til tólf gjalddagar á ári.

#### Lán með breytilegum vöxtum

- Lán eru veitt án fjárhæðatakmarkana.
- Vextir eru breytilegir og ákveðnir af sjóðstjórn. Vextir eru nú (15.3.2007) 4,89%. Þeir taka breytingum 15. hvers mánaðar og eru 0,5% hærrí en meðalávöxtun í síðasta almanaksmánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 40 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands.
- Lánstími er 5 – 40 ár að vali lántakanda.
- Val um jafnar afborganir eða jafngreiðslulán (annuitet).
- Verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs.
- Tveir til tólf gjalddagar á ári.

#### Lántökuskilyrði

- Umsækjandi þarf að vera sjóðfélagi í Gildi – lífeyrissjóði eða réttthafi í séreignardeild Gildis.
- Umsóknir eru teknar til afgreiðslu eftir því sem þær berast.
- Fasteignaveð: Aðeins er lánað gegn fasteignaveði í íbúðarhúsnæði. Veðsetningarhlutfall skal aldrei vera hærra en 65% af fasteignamati viðkomandi eignar. Í stað 65% af fasteignamati má þó miða við 65% af sölumati löggilts fasteignasala sem valinn skal í samráði við starfsmenn sjóðsins. Lántaki greiðir kostnað við slíkt sérmat ef til kemur. Hvort sem miðað er við 65% af fasteignamati eða 65% af sölumati má veðsetning þó aldrei fara yfir 100% af brunabótamati eignarinnar.
- Umsækjanda ber að leggja fram veðbókarvottorð ásamt síðustu kvittunum fyrir greiðslum áhvílandi lána.
- Lántökugjald er 1,0% af lánsupphæð. Þinglýsingar, stimpilgjöld og innheimtukostnað banka ber lántakanda að greiða. Ef meta þarf eign vegna veðhæfis greiðist sá kostnaður af lántaka.



## FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2007 var samþykkt á stjórnarfundi þann 22. nóvember 2006. Við mótun fjárfestingarstefnu voru grunnþættir sjóðsins skoðaðir s.s. aldursdreifing, tryggingafræðileg staða, eignasamsetning, framtíðargreiðsluflæði og sjóðstreymi. Niðurstaðan leiðir í ljós að allir grunnþættir sjóðsins eru í góðu lagi og stjórnendur sjóðsins hafi töluvert svigrúm við val á eignaflokkum og tímalengd fjárfestinga. Meðalaldur sjóðfélaga er lágur, tryggingafræðileg staða er í lagi og innstreymi iðgjalda er mun meira en útgreiðslur lífeyris á næstu árum. Staða sjóðsins gefur mikið svigrúm varðandi val á markmiðum um ávöxtun, áhættu og fjárfestingartíma. Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og allar áhættumælingar gefa til kynna að staða sjóðsins sé sterk og áhættuþol mikið.

Markmið um ávöxtun til lengri tíma er 7,1% þar sem gert er ráð fyrir að ávöxtun verði oftast á bilinu 1 til 13%.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir 2007 er eftirfarandi:

<b>Skuldabréf</b>	<b>48%</b>
Ríkisskuldabréf	25%
Skuldabréf banka og sparisjóða	5%
Veðskuldabréf	4%
Skuldabréf sveitarfélaga	3%
Erlend skuldabréf	1%
Önnur skuldabréf	10%
<b>Hlutabréf</b>	<b>46%</b>
Innlend hlutabréf	23%
Erlend hlutabréf	23%
<b>Óhefðbundnar fjárfestingar</b>	<b>6%</b>

Heimiluð frávik skv. fjárfestingarstefnu eru 25%.



## FJÁRFESTINGAR


### Fjárfestingar 2006 (í þús. króna):

	Kaup	Sala	Nettó	%
Innlend hlutabréf	29.325.100	29.867.902	- 542.802	-2%
Erlend verðbréf	11.446.078	2.632.876	8.813.202	6%
Ríkistryggð bréf	4.573.217	270.257	4.302.960	23%
Skuldabréf banka og sparisjóða	2.224.057	298.904	1.925.153	0%
Skuldabréf sveitarfélaga	557.665		557.665	2%
Skuldabréf fyrirtækja	2.803.284	15.242	2.788.042	15%
Veðskuldabréf	1.445.505	233.175	1.212.330	6%
<b>Samtals</b>	<b>52.374.906</b>	<b>33.318.356</b>	<b>19.056.550</b>	<b>100%</b>

## VERÐBRÉFAEIGN

### Skipting verðbréfaeignar sjóðsins 31.12.2006 (í þús. króna):

	Kaup	%
Erlend verðbréf	60.759.983	28,2%
Ríkistryggð bréf	51.412.308	23,8%
Innlend hlutabréf	51.244.054	23,8%
Skuldabréf fyrirtækja	17.654.151	8,2%
Skuldabréf banka og sparisjóða	15.223.910	7,1%
Veðskuldabréf	10.083.178	4,7%
Skuldabréf sveitarfélaga	6.612.056	3,0%
Önnur skuldabréf	2.644.965	1,2%
<b>Samtals</b>	<b>215.634.605</b>	<b>100%</b>



## ÁVÖXTUN

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2006 var 17,1% og raunávöxtun 9,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár er 11,0%. Góð ávöxtun var á öllum eignaflokkum sjóðsins en einkum á erlenda eignasafninu sem skilaði 30,9% ávöxtun eða 22,1% raunávöxtun. Gengislækkun krónunnar skýrir að hluta þessa góðu ávöxtun á erlendum eignum sjóðsins. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 17,6% eða 10% raunávöxtun og ávöxtun skuldabréfa 12,6% eða 5,3% raunávöxtun.

Raunávöxtun einstakra eignaflokka:

	2006	2005
<b>Erlend verðbréf</b>	<b>22,1%</b>	<b>13,9%</b>
<b>Innlend hlutabréf</b>	<b>10,0%</b>	<b>64,7%</b>
<b>Skuldabréf</b>	<b>5,3%</b>	<b>5,2%</b>
Ríkistryggð bréf	5,0%	4,9%
Skuldabréf banka og sparisjóða	4,4%	4,6%
Skuldabréf sveitarfélaga	4,7%	4,5%
Skuldabréf fyrirtækja	6,8%	6,7%
Veðskuldabréf	5,4%	5,0%
Önnur skuldabréf	5,6%	6,2%
<b>Samtals</b>	<b>9,6%</b>	<b>17,8%</b>

## Innlend hlutabréf


Innlend hlutabréf sjóðsins hækkuðu verulega á árinu. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 17,6% eða 1,8% umfram hækkun Úrvalsvisítölu Kauphallar Íslands sem hækkaði um 15,8%. Miklar sveiflur voru á hlutabréfamarkaðnum á árinu. Árið byrjaði með krafti og hækkaði markaðurinn um 20% fyrstu tvo mánuðina en síðan tók við mikil lækkun í kjölfar greininga erlendra greiningaraðila um ástand íslenskra efnahagsmála og áhyggjur af láns hæfismati ríkisins og bankanna. Seinni hluta ársins tók markaðurinn síðan aftur við sér í ljósi góðrar afkomu fyrirtækja á markaði, einkum bankanna. Innlend hlutabréf í eigu sjóðsins námu 51 milljarði króna í árslok 2006 eða 24% af heildareignum sjóðsins. Skráð innlend hlutabréf voru 47,9 milljarðar króna eða 95% og óskráð hlutabréf 2,7 milljarðar eða 5%.

Stærstu hlutabréfaeignir sjóðsins og hlutdeild í viðkomandi félagi (í þús. króna):

Kaupping Banki hf.	14.121	2,3%
Bakkavör Group hf.	7.450	5,5%
Landsbanki Íslands hf.	5.551	1,9%
Glitnir hf.	5.174	1,6%
Exista hf.	4.132	1,7%
Actavis Group hf.	3.845	1,8%
Straumur - Burðarás Fjárfestingarbanki hf.	3.284	1,8%
FL Group hf.	2.955	1,5%
Síminn hf.	2.709	8,0%

Ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins í samanburði við Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands.

### Samanburður við vísitölu



### Ávöxtun innlendra hlutabréfa 2000 – 2006

Ár	Nafnávöxtun hlutabréfa	Hækkun Úrvalsvísitölu	Umframávöxtun	Uppsöfnuð umframávöxtun
2000*	-10,9%	-18,7%	7,8%	7,8%
2001*	-11,8%	-11,2%	-0,6%	7,1%
2002*	21,0%	16,5%	4,5%	12,0%
2003*	51,7%	56,0%	-4,3%	7,2%
2004*	73,4%	59,0%	14,4%	22,6%
2005	71,5%	64,7%	6,8%	30,9%
2006	17,6%	15,8%	1,8%	33,2%

\* Tölur fyrir árin 2000 - 2004 eru frá Lsj. sjómanna og Lsj. Framsýn.






## FJÁRFESTINGAR ERLENDIS


Sjóðurinn fjárfestir einkum í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum erlendis auk vogunarsjóða, framtakssjóða og fasteignasjóða. Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu töluvert á árinu 2006. Heimsvísitala MSCI sem er viðmiðunarvísitala sjóðsins hækkaði um tæp 18% í dollar. Hækkunir urðu á öllum mörkuðum en þó mest í Evrópu eða 16,5%. S&P vísitalan í Bandaríkjunum hækkaði um 13,6%, Nasdaq í Bandaríkjunum hækkaði um 9,5% og MSCI Asia hækkaði um 11,3%. Enn eitt árið hækkuðu virðisfyrirtæki mun meira en vaxtarfyrirtæki. Almenn hækkuðu markaðir mikið seinni hluta ársins eftir töluverða leiðréttingu um mitt árið.

### Þróun á erlendum vísitölum í heimamynt



Erlent hlutabréfasafn Gildis hækkaði um 33,5% á árinu 2006 í íslenskum krónum eða 0,7% umfram viðmiðunarvísitölu sem hækkaði um 32,8%. Öll erlend verðbréf Gildis hækkuðu um 30,9%.

### Samanburður á erlendu safni við heimsvísitölu



## Óhefðbundnar fjárfestingar

Auk þess að fjárfesta í erlendum hlutabréfum og lítilsháttar í erlendum skuldabréfum fjárfestir sjóðurinn í öðrum eignaflokkum erlendis, svokölluðum óhefðbundnum fjárfestingum (Alternative Investments). Þær fjárfestingar skiptast í vogunarsjóði (Hedge Funds), framtakssjóði (Private Equity) og fasteignasjóði (Real Estate). Samtals skilaði þessi eignaflokkur 19,5% ávöxtun í íslenskum krónum og vegur veiking krónunnar þar mest. Framtakssjóðirnir skilðu lítilli ávöxtun, en þeir eru í eðli sínu langtímafjárfesting þar sem ávöxtun skilar sér á seinni hluta líftíma þeirra.

### Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila sjóðsins


Erlendar eignir sjóðsins eru einkum í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum og skiptast þannig á milli einstakra fjárvörsluaðila:

Fjárvörsluaðili	Pús.kr
<b>Hlutabréfasjóðir</b>	<b>48.908.369</b>
Morgan Stanley	13.145.610
Alliance Bernstein	11.969.181
Vanguard	6.308.868
State Street	3.992.096
JP Morgan	2.828.224
Capital International	2.471.522
Templeton	2.335.501
Carnegie	1.581.325
Aðrir	4.276.042
<b>Vogunarsjóðir</b>	<b>6.457.989</b>
Morgan Stanley	1.934.278
Gottex	1.511.629
Kaupþing	992.693
LGT	862.476
Credit Suisse	745.148
Aðrir	411.765
<b>Framtaks- og fasteignasjóðir</b>	<b>5.102.072</b>
Morgan Stanley (AIP)	866.680
Crossroads/Lehman Brothers	697.945
Schroders	654.371
Standard Life	577.566
Paul Capital	520.194
Aðrir	1.785.316

## GJALDMIÐLASTÝRING

Sjóðurinn er með virka gjaldmiðlastýringu. Í árslok 2006 voru 28% af eignum sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum. Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga í þeim tilgangi að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Þegar krónan styrkist lækka þessar eignir sjóðsins í erlendri mynt og öfugt þegar krónan veikist. Á síðasta ári veiktist íslenska krónan um 22%. Efnahagsóvissa, minni hagvöxtur, mikill viðskiptahalli og meiri verðbólga eru m.a. atriði sem skýra veikingu krónunnar á árinu 2006. Þetta hafði þau áhrif að erlendar eignir sjóðsins hækkuðu í íslenskum krónum. Á móti kemur tap af gjaldmiðlasamningum sem sjóðurinn hafði gert. Nam tapið á árinu 2006 1,7 milljörðum króna. Dollar veiktist um 11,5% á móti evru á árinu og kom það niður á sjóðnum, þar sem erlendar eignir sjóðsins eru yfirvigtðar í dollar á móti evru miðað við gengisvísitöluna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun gengis ISK og EUR/USD á árinu 2006.



Afkoma gjaldmiðlaskiptasamninga (millj. króna) árin 2002 - 2006

2002	2003	2004	2005	2006	Samtals
1.438	1.310	2.712	1.880	-1.700	5.640

## HLUTHAFASTEYNA

Gildi - lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná góðri arðsemi af fjárfestingum sínum í hlutabréfum.

Sjóðurinn vill stuðla að heilbrigðum fjármálamarkaði á Íslandi með faglegu aðhaldi sem hluthafi. Sjóðurinn skal ekki vera leiðandi eða í stöðu kjölfestufjárfestis í tilteknum fyrirtækjum.

Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja.

Sjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi. Sjóðurinn tekur ekki þátt í vali á fulltrúum í stjórnir fyrirtækja nema þegar sérstakar ástæður gefa tilefni til slíks. Starfsmenn og stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórnnum félaga á vegum sjóðsins. Leitast skal við að fá til þess óháða fulltrúa.

Fyrirtæki sem fjárfest er í skulu hafa skýra stefnu og markmið um arðsemi. Stjórnendateymi skal vera traust og sýna í verki vilja til þess að starfa með hluthöfum. Upplýsingastreymi þarf að vera gott frá viðkomandi fyrirtækjum. Fjárfestingum sjóðsins skal ekki beitt í pólitískum tilgangi, arðsemi skal ráða fjárfestingaákvörðunum. Sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í fyrirtækjum sem taka upp reglur Kauphallar Íslands um bestu stjórnunarhætti fyrirtækja.

Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í samráði við formann stjórnar og varaformann nema stjórn ákveði annað.



## SÉREIGNARDEILD

Á árinu 2006 jukust eignir séreignardeildar um tæpar 400 milljónir króna og var hrein eign til greiðslu lífeyris 1.986 milljónir í árslok 2006, sem er um 24,6% aukning frá fyrra ári. Fjöldi rétthafa í séreignardeildinni var í árslok tæplega 39.000.

Ávöxtun séreignardeildar var í samræmi við þróun markaðarins á árinu, en stór hluti eigna deildarinnar er bundinn í skuldabréfum. Séreignardeildin gerir skuldabréf sín upp á markaðskröfu og voru innlendir skuldabréfamarkaðir erfiðir á árinu. Seðlabankinn hélt áfram að hækka vexti og þar með hækkuðu markaðsvextir skuldabréfa og þá sérstaklega bréfa með styttri líftíma. Verð skuldabréfa lækkaði að sama skapi. Þrátt fyrir það var ávöxtun séreignardeilda ágæt á árinu. Framtíðarsýn I skilaði 15,3% nafnávöxtun, Framtíðarsýn II 13,5% og Framtíðarsýn III 12,7%. Hækkun á erlendum hlutabréfamörkuðum ásamt veitingu krónunnar eru helstu skýringar á góðri ávöxtun en heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 32,8% á árinu í íslenskum krónum. Einnig var góð ávöxtun á innlenda hlutabréfamarkaðnum sem hækkaði um 15,8% að meðaltali. Skuldabréf með 10 ára líftíma gáfu 8% ávöxtun á síðasta ári sem er lítið yfir verðbólgu síðasta árs. Ávöxtun séreignardeilda var umfram viðmið þeirra á árinu. Framtíðarsýn I var með 1,5% ávöxtun umfram viðmið og Framtíðarsýn II var með 2,1% umfram viðmið. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 4 ár er 10,0% í Framtíðarsýn I, 9,4% í Framtíðarsýn II og 5,5% í Framtíðarsýn III.

Það sem skýrir mismun á ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeilda er annars vegar mismunandi fjárfestingarstefna og hins vegar mismunandi uppgjörsaðferð deildanna á markaðsskuldabréfum. Ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeildar er því ekki samanburðarhæf.

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðendum. Séu vanskil af hálfu launagreiðanda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falið að innheimta séreignarsparnaðinn.

### Eignir séreignardeildar voru þannig í árslok 2006:

<b>Framtíðarsýn I:</b>	Skuldabréf	63,0%
	Innlend hlutabréf	12,0%
	Erlend hlutabréf	25,0%
<b>Framtíðarsýn II:</b>	Skuldabréf	74,4%
	Innlend hlutabréf	9,1%
	Erlend hlutabréf	16,5%
<b>Framtíðarsýn III:</b>	Bundinn innlánsreikningur	100%





## TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2006 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2005. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

	2006		2005	
<b>Áfallin staða</b>				
Eignir	218.203		184.680	
Áfallin skuldbinding	179.838		152.603	
<b>Staða</b>	<b>38.365</b>	<b>+ 21,3%</b>	<b>32.077</b>	<b>+ 21,0%</b>
<b>Heildarstaða</b>				
Eignir	348.863		292.723	
Heildarskuldbinding	316.373		263.846	
<b>Staða</b>	<b>32.490</b>	<b>+10,3%</b>	<b>28.877</b>	<b>+ 10,9%</b>

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 32,5 milljarða, eða 10,3%, og áfallin staða um 38,3 milljarða, eða 21,3%. Samkvæmt lögum má heildarstaða sjóðsins aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins er því betri en sá rammi sem lögín setja þar sem heildarstaðan er yfir 10% mörkunum og því er skylt samkvæmt lögum að auka réttindi sjóðfélaga.

Stjórn Gildis hefur að fengnu álit tryggingafræðings sjóðsins ákveðið að gera á ársfundi sjóðsins 25. apríl 2007 tillögu um 10% aukningu áunninna réttinda, en kostnaður af því er áætlaður 17,7 milljarðar króna. Sjóðurinn á því eftir hækkun um 14,7 milljarða króna eða sem svarar 4,4% umfram heildarskuldbindingar og er staða hans því mjög traust. Sjóðstjórn telur hins vegar óvarlegt að ganga lengra að sinni í aukningu réttinda, einkum vegna óvissu um þróun á tryggingafræðilegum forsendum í starfsemi sjóðsins vegna hækkandi lífaldurs og mikillar örorkubyrði. Þá er nokkur óvissa um það hver kostnaður sjóðsins verður af hinu blandaða ávinnslukerfi sem sjóðurinn innleiddi.

### Hækkun réttinda

Eftir aukningu réttinda um 10% á ársfundi sjóðsins 25. apríl 2007 hafa áunnin réttindi sjóðfélaga í Gildi verið hækkuð um 17,7% frá stofnun sjóðsins 1. júní 2005, en réttindi voru hækkuð um 7% frá og með 1. janúar 2006.



## GILDI VALINN BESTI LÍFEYRISSJÓÐURINN Á ÍSLANDI TVÖ ÁR Í RÖÐ

Gildi - Lífeyrissjóður var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi árið 2006 af tímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Verðlaunin voru afhent 30. nóvember sl. á árlegri verðlaunahátíð IPE sem haldin var í París. Er þetta annað árið í röð sem Gildi er valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi af IPE. Verðlaun þessi hafa verið afhent undanfarin 6 ár í Evrópu, en Ísland var nú með í annað skipti. Blaðið hefur verðlaunað lífeyrissjóði sem hafa þótt skara framúr í sínu heimalandi eða í Evrópu.

Gildi hlaut verðlaunin m.a. fyrir eignastýringu og fram kemur í umfjöllun IPE að Gildi hafi sýnt framúrskarandi ávöxtun á árinu 2006 og undanfarin ár (forverar Gildis, Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn).

Uppbygging verðbréfasafna hjá Gildi - lífeyrissjóði byggist á vali á fjárfestingarstefnu til lengri tíma þar sem m.a. er höfð til hliðsjónar aldursamsetning sjóðfélaga, tryggingafræðileg staða og framtíðarsjóðstreymi. Einnig er tekið tillit til þróunar skuldbindinga sjóðsins og jafnvægis milli eigna og skuldbindinga hans. Sem hluta af stefnumótandi ákvörðun hefur Gildi notað gjaldeyrisvarnir í þeim tilgangi að verja erlenda eignastöðu sjóðsins fyrir gengistapi. Gildi var meðal fyrstu lífeyrissjóða til þess að nota gjaldeyrisvarnir í uppbyggingu verðbréfasafna. Það hefur haft í för með sér betri ávöxtun og minni sveiflur.





ÁRSREIKNINGUR GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2006

## EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS/TABLE OF CONTENTS

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	27
Áritun óháðra endurskoðenda	28
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	29
Efnahagsreikningur	30
Yfirlit um sjóðstreymi	31
Skýringar	32
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris	41
Efnahagsreikningur deilda	42
Yfirlit um sjóðstreymi deilda	43
Endorsement by the Board of Directors and Managing Director	46
Independent Auditor's Report	47
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	48
Balance Sheet	49
Statement of Cash Flows	50
Financial Indicators	51

## SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2006 greiddu samtals 4.033 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 7.975 millj. kr. fyrir 41.487 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 159.129. Fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 38.895.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 4.889 millj. kr. Ellilífeyrir nam 2.788 millj. kr., örorkulífeyrir 1.638 millj. kr., makalífeyrir 378 millj. kr. og barnalífeyrir 85 millj. kr. Fjöldi ellilífeyrisþega á árinu var 8.409, örorkulífeyrisþega 3.740, makalífeyrisþega 1.662 og 1.260 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 15.071. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2005 samtals 4.125 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris samtryggingardeildar nam 213.425 millj. kr. í árslok 2006 og hækkaði á árinu um 33.722 millj. kr. eða 18,8%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var 9,4%. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 1.986 millj. kr. í árslok 2006 og hækkaði á árinu um 392 millj. kr. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I 7,2%, Framtíðarsýn II 5,4% og Framtíðarsýn III 4,7%.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti fyrir 52.378 millj. kr. á árinu, en vísað er til ársreiknings varðandi skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2006. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 38.365 millj. kr. umfram áunnin réttindi sjóðfélaga og 32.490 millj. kr. umfram heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Eignir umfram skuldbindingar í árslok 2006 nema því 10,3%.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að leggja til við ársfund sjóðsins að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 10% frá 1. janúar 2007.

Stjórn Gildis - lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2007.

### Stjórn

Helgi Laxdal  
Ari Edwald  
Ásgeir Valdimarsson  
Pórunn Sveinbjörnsdóttir

Sveinn Hannesson  
Birgir H. Björgvinsson  
Sigurður Bessason  
Friðrik J. Arngrímsson

### Framkvæmdastjóri:

Árni Guðmundsson



## ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis - lífeyrissjóðs.

### Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis - lífeyrissjóðs fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-26.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 21. febrúar 2007.

Helgi F. Arnarson  
Hrafnhildur Helgadóttir

**KPMG hf**

## YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Iðgjöld:</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		2.854.758	2.428.993
Iðgjöld launagreiðenda .....		5.127.683	4.225.172
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		( 7.356)	( 26.358)
	4	<u>7.975.085</u>	<u>6.627.807</u>
<b>Lífeyrir:</b>			
Lífeyrir .....	12	4.888.989	4.125.145
Umsjónarnefnd eftirlauna .....		( 25.381)	( 29.235)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		8.966	12.889
		<u>4.872.574</u>	<u>4.108.799</u>
<b>Fjárfestingartekjur:</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	5	7.623.858	18.302.356
Tekjur af húseignum .....	6	5.546	7.200
Hagnaður af sölu fjárfestinga .....		0	13.444
Vaxtatekjur og gengismunur .....	7,13	23.698.166	14.945.106
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	11,2	0	23.732
		<u>31.327.570</u>	<u>33.291.838</u>
<b>Fjárfestingargjöld:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	<u>122.852</u>	<u>112.753</u>
<b>Rekstrarkostnaður:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	228.152	188.829
Stofnkostnaður vegna sameiningar .....		0	20.570
		<u>228.152</u>	<u>209.399</u>
Aðrar tekjur .....	9	<u>35.843</u>	<u>29.669</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		34.114.920	35.518.363
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>181.296.356</u>	<u>145.777.994</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>	<b>25</b>	<u><u>215.411.276</u></u>	<u><u>181.296.357</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Fjárfestingar:</b>			
Fasteign .....	10,16	204.759	209.440
Aðrar fjárfestingar: .....			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	11,17	112.007.037	84.210.091
Verðbréf með föstum tekjum .....	11,18	93.522.879	83.934.433
Veðlán .....	11,19,20	10.083.178	9.851.985
Bundnar bankainnstæður .....		21.511	23.116
Fullnustueignir .....		4.282	6.271
		<u>215.638.887</u>	<u>178.025.896</u>
<b>Kröfur:</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	4	646.486	657.819
Aðrar kröfur .....	22	343.797	634.112
		<u>990.283</u>	<u>1.291.931</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Rekstrarfjármunir .....	16	41.642	49.477
Sjóður og veltinnlán .....		1.178.193	2.051.204
		<u>1.219.835</u>	<u>2.100.681</u>
Eignir samtals		<u>218.053.764</u>	<u>181.627.948</u>
<b>Skuldir:</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	23	2.642.488	331.591
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	25	<u>215.411.276</u>	<u>181.296.357</u>
<b>Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris:</b>			
Hrein eign samtryggingardeildar .....		213.424.953	179.702.206
Hrein eign séreignardeildar .....		1.986.323	1.594.151
